

Stjórnarfundur FEBSEL 05.02.2026 haldinn á Skólabraut 5 kl. 16.30.

Mættir: Kristbjörg, Sigríður, Inga, Stefán, Sigurður og Aðalbjörg.

Dagskrá:

1. Teymisfundur

Teymisfundur var haldinn 04.02.26. Á honum var rætt vítt og breitt um málefni aldraðra á Nesinu, m.a. um félagsheimilið og stöðuna þar, um slakt ástand margra húsa í eigu bæjarins vegna myglu og vöntunar á góðri aðstöðu til að bjóða upp á ýmislegt s.s. pílu, borðtennis o.fl. Fyrir Virkniping í byrjun september væri útbúinn bæklingur með öllum dagskrárliðum sem í boði verða næsta vetur hér í bæ. Fyrirhuguðum fyrirlestrum á vorönn slegið á frest þar sem dagskráin er mjög þétt á öllum stöðum auk sveitarstjórnarkostninga í vor.

2. Opinn fundur með formanni LEB og framkvæmdastjóra

Fundir formanns LEB og framkvæmdastjóra hafa verið haldnir um landið, Nú er komið að Reykjavík og nágrenni. Fundur LEB með félögum í FebSel verður haldinn á Skólabraut 5, 25. febrúar n.k.

3. Netöryggi og gervigreind á bókasafninu 3. mars n.k.

FebSel í samstarfi við LEB stendur fyrir opnum fundi fyrir 60+um netöryggi og gervigreind. Kynningin verður í bókasafninu 3. mars n.k. kl. 14:00. Boðið verður uppá kaffi og kleinur.

4. Hugmyndaping fyrir 60+

Hugmyndaping fyrir 60+ á vegum Samfylkingar og óháðra verður haldið í febrúar eða mars. Fóru þau fram á að fá að auglýsa þingið á fésbókarsíðu félagsins. Samþykkt að þau mættu auglýsa á okkar miðlum.

5. Aðalfundur 19.02. 2026

Aðalfundur félagsins verður haldinn 19. febrúar n.k. í salnum á Skólabraut 5 og hefst kl. 16:00. Ákveðið að fá Ólaf Egilsson sem fundarstjóra. Sigríður Ólafsdóttir býður sig fram til formanns til eins árs þar sem núverandi formaður, Kristbjörg Ólafsdóttir, gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Félagsmenn eru nú 183.

6. Önnur mál

- Rætt um stöðuna á Félagsheimilinu. FEBSEL hvetur bæinn til að gera upp félagsheimilið og að félög bæjarins geti fengið þar aðstöðu fyrir starfsemi sína og fundi. Ef samið verður við rekstraraðila verði reynt að fá inn í þannsamning að tillit sé tekið til þessa.
- Rætt um íbúðir fyrir aldraða á Skólabraut. Nú standa 10 íbúðir auðar og kemur það illa niður á félagsstarfinu. Spurning hvort eða hvernig Seltjarnarnesbær geti komið að þessu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir ritari.